

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Axel Rodriguez Överby
Dags. 29. apríl 2021
Mnr. 2009020030



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað sviðsstjóra Umhverfis- og eignasviðs dags. 29. apríl

Ísafjarðarbær og Olíudreifing ehf. gerðu með sér samkomulag þann 2. júlí 2012 vegna flutnings olíubirgðastöðvar fyrirtækisins við Mjósund. Um var að ræða makaskipti á lóðum, þar sem Ísafjarðarbær lagði til aðstöðu á Mávagarði, fyrir lóðir við Mjósund og Suðurgötu.

Í fyrrgreindu samkomulagi var áætlað að lóðum við Mjósund og Suðurgötu yrði skilað eigi síðar en 7 árum eftir frá afhendingardegi lóðar við Mávagarð F, samkomulag var um það að sveitafélagið tæki þátt í kostnaði vegna flutnings Olíudreifingar á Mávagarð og hreinsun lóðanna upphæð sem samsvarar 8.000.000 kr.- á árinu 2012

Samhliða samkomulagi á milli Olíudreifingar og Ísafjarðarbæjar var gerð áætlun um hreinsun lóðanna. Lóðirnar eru skv. skipulagi iðnaðarlóðir og miðar hreinsunin við að ná þeim viðmiðum sem sett eru í leiðbeiningum um meðhöndlun olíumengaðs jarðvegs á slíkum lóðum.

Farið var í sýnatöku í Október 2019 þá hafði verið niðurbrot í fimm ár, og niðurstöður sýndu heldur hærri gildi en árið 2014, eða öll greindust yfir 15000 ppm.

Viðmiðunargildi sem notast skal við frummat á olíumengun í jarðvegi á iðnaðarsvæðum eru neðri mörk 50 ppm., efri mörk 500 ppm. (Umhverfisstofnun)

Af þessum niðurstöðum má draga þá ályktun að lóðirnar séu ekki klárar til afhendingar sbr. samkomulag sem undirritað var 2. júlí 2012